

Mánudaginn 3. desember 1956.

Nr. 93/1956. **Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis**
(Ragnar Ólafsson)
gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1956. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Áfrýjandi gaf ekki ár það, sem um er að tefla, skattyfirvöldum „glögga skýrslu um viðskipti sín við utanfélagsmenn“ í skilningi 6. gr. laga nr. 66/1945. Að svo vöxnu máli var niðurjöfnunarnefnd rétt samkvæmt sama lagaákvæði að byggja útsvarsálagninguna á áætlun, og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að nefndin hafi farið út fyrir lögleg mörk við ákvörðun fjárhæðar útsvarsins, ber að staðfesta úrskurð fógeta um framkvæmd lögtaks.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-

sjóðs, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 12. maí 1956.

Gerðarpóla, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1955 kr. 136.500.00. Af útsvari þessu hafa verið greiddar kr. 20.000.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 116.500.00. Þar eð gerðarpóli hefur neitað að greiða upphæð þessa, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarpóla til tryggingar framangreindri útsvarsskuld, kr. 116.500.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarpóla samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins.

Gerðarpóli hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins. Jafnframt hefur hann áskilið sér rétt til endurheimtu þess, sem þegar hefur verið greitt upp í umrætt útsvar.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarpóli á því, að hér sé um samvinnufélag að ræða samkvæmt lögum nr. 46/1937, og því gildi um útsvarsskyldu þess ákvæði 2. tölul. II. 6. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör. Samkvæmt því ákvæði sé ekki heimilt að leggja útsvar á eign samvinnufélaga né á tekjur af skiptum við félagsmenn. Hins vegar sé heimilt að leggja útsvar á tekjur af skiptum við utanfélagsmenn og veltuútsvar á utanfélagsviðskipti, þó þannig, að samanlagt veltuútsvar og tekjuútsvar megi aldrei vera herra en tekjur af utanfélagsmannaviðskiptum. Nú sé útsvarið 1955 miðað við rekstur ársins 1954, en á því ári hafi verið tap á öllum rekstri gerðarpóla, bæði á skiptum við utanfélagsmenn og félagsmenn, eins og framtal hans 1955 beri með sér. En það framtal hafi skattstjóri samþykkt athugasemdalaust og gerðarbeiðandi eigi kært það. Af þessum ástæðum telur gerðarpóli, að hann hafi eigi verið útsvarsskyldur 1955, hvorki af veltu, tekjum né eign, og því hafi að lögum verið óheimilt að leggja á hann umrætt útsvar.

Þá hefur gerðarpóli haldið því fram, að starfsmenn hans hafi síðastliðið sumar greitt upp í útsvarið kr. 20.000.00, en hann hafi stöðvað frekari greiðslur, þegar vitað hafi verið um útkomu á rekstri félagsins á árinu 1954 og álit dómstólanna á útsvars-

ákvæðum varðandi samvinnufélög. Telur gerðarþoli því, að í nefndum greiðslum felist engin viðurkenning á útsvarsskyldu gerðarþola, og hefur hann því áskilið sér rétt til að endurkrefja þessar greiðslur.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt öllum kröfum gerðarþola í máli þessu og þeirri fullyrðingu hans með skírskotun til 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna, að óheimilt hafi verið að leggja á gerðarþola umrætt útsvar. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að skattfríðindi samvinnufélaga samkvæmt nefndu lagaákvæði séu eigi skilyrðislaus, heldur sé þar beint tekið fram, að skattgreiðandanum beri að gera sérstaka grein fyrir skiptum sínum við utanfélagsmenn og tekjum sínum af þeim. Þessum frumstæðustu skilyrðum fyrir því að geta notið skattfríðindanna samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna hafi gerðarþoli eigi gert tilraun til að fullnægja og með því hafi hann svipt sig rétti til þeirra. Hafi niðurjöfnunarnefnd því verið heimilt og skylt að áætla tekjur gerðarþola af skiptum við utanfélagsmenn og ákvarða útsvarið í samræmi við það. Hefur gerðarþoli bent á, að samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, hafi viðskipti gerðarþola hér í Reykjavík á umræddu tímabili numið rösklega 30 milljónum króna. Telur hann því, að útsvar það, sem gerðarþola hafi verið gert að greiða, kr. 136.500.00, sé mjög vægilega áætlað, miðað við veltuna.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Það er in confesso í máli þessu, enda í samræmi við upplýsingar frá niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sem réttinum hafa borizt, eftir að mál þetta var tekið til úrskurðar, að hér er aðeins um veltuútsvar á gerðarþola að ræða. Hér kemur því aðeins til álita, hvort heimilt hafi verið eftir atvikum eða eigi að leggja slíkt útsvar á gerðarþola þessu sinni.

Það er enn fremur in confesso í málinu, að gerðarþoli sé samvinnufélag, en um útsvarsskyldur samvinnufélaga gilda ákvæði 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Þar segir svo:

„Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlað skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.“

Skoðanir manna hafa verið nokkuð á reiki um það, hvort heimilt væri yfirleitt samkvæmt ofangreindu lagaákvæði að leggja veltuútsvar á skipti samvinnufélaga við utanfélagsmenn, en með dómi (nr. 128/1955) hefur Hæstiréttur komizt að þeirri niður-

stöðu, að það sé heimilt, en að tekju- og veltuútsvar megi þó alls ekki fara fram úr hreinum arði samvinnufélaga af skiptum þeirra við utanfélagsmenn. Hér er því eigi um það deilt, hvort „princiipielt“ hafi mátt leggja á gerðarþola umrætt útsvar, heldur það, hvort gerðarþoli hafi vegna taprekstrar síns á árinu 1954 átt að vera undanþeginn útsvari árið 1955 samkvæmt áður nefndu ákvæði 6. gr. útsvarslaganna, sbr. ofangreindan hæstaréttardóm, eða ekki.

Samkvæmt skattaframtali gerðarþola, sem fyrir liggur í málinu, er það ljóst, enda eigi véfengt af skattstjóra né gerðarbeiðanda, að verulegur halli hefur verið á heildarrekkstri félagsins á árinu 1954. Hins vegar hefur gerðarþoli eigi, hvorki í framlagðri skattskýrslu né í öðrum gögnum málsins, aðgreint skipti sín við félagsmenn og utanfélagsmenn. Verður því ekkert af þeim gögnum ráðið um það, hvort um tekjur, og þá hversu miklar, hafi verið að ræða af skiptum gerðarþola við utanfélagsmenn eða eigi. En enda þótt verulegt tap hafi verið á heildarrekkstri gerðarþola, þá leiðir eigi óhjákvæmilega af því, að tap hafi einnig verið á viðskiptum við utanfélagsmenn. Er ýmislegt, sem þar getur komið til greina, svo sem óbrotvari viðskipti við utanfélagsmenn en félagsmenn og því kostnaðarminni, og auk þess má benda á, að félagsmenn njóta ýmissa hlunninda, svo sem endurgreiðslu, miðað við viðskipti sín við félagið, sem utanfélagsmenn njóta eigi, og að ýmsir tapliðir á skattskýrslu gerðarþola virðast tæplega koma utanfélagsviðskiptum við. Skattframtal gerðarþola, sem fyrir liggur í málinu, og önnur málsgögn hans, verða því eigi talin fullnægja þeirri kröfu löggjafans um „glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn“, sem fram kemur í 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna og sem beinlínis virðist skilyrði þess, að samvinnufélög geti orðið aðnjótandi þeirra skattfríðinda, er í nefndu lagaákvæði greinir. Lítur rétturinn því svo á, að niðurfjónunarnefnd hafi samkvæmt nýnefndu lagaákvæði verið heimilt að áætla arð af skiptum gerðarþola við utanfélagsmenn og byggja útsvarið á því. Er og eðlilegt vegna skattfríðinda þeirra, sem samvinnufélögum eru veitt í útsvarslögunum, að gerðar séu strangar kröfur um fullnægingu þeirra skilyrða, sem þar eru sett, enda varhugavert að opna skattgreiðendum leið til þess, ef til vill, að hagnast á vanrækslu í þessu efni.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að umrætt útsvar hafi réttilega verið á gerðarþola lagt samkvæmt margnefndu ákvæði útsvarslaganna og að því beri að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir réttinum verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerð-
arbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. desember 1956.

Nr. 19/1954. **Kristinn P. Friðriksson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Keflavíkurkaupstað (Ágúst Fjeldsted).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Skadaabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1954. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 54.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 48.000.00 frá 1. janúar 1948 til 7. desember 1950 og af kr. 54.500.00 frá þeim degi til greiðsludags, málskostnað í héraði, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Til efnda á samningi aðilja frá 24. febrúar 1947 bar stefnda að láta áfrýjanda í té bifreiðargrind, svo fljótt sem stefnda var unnt og eigi síðar en á árinu 1948. Fyrir atbeina stefnda fékk áfrýjandi síðan bifreiðargrind þá, sem í málinu greinir, og var grindin afhent áfrýjanda kvaðalaus fyrir 5. maí 1948. Þar sem áfrýjandi tók þá við grindinni án áskilnaðar um bætur vegna dráttar á efdum af hendi stefnda, verða áfrýj-